Tvær merkar listakonur



Gerður



Kristín

Saga íslenskrar nútímalistar er sérstæð. Hvergi minnist ég þess að hafa fundið í listasögunni tímabil, sem státar af jafnmörgum afrekskonum. Gluggi menn í heimslistasögu 20. aldarinnar, rekast þeir á sárafá kvenmannsnöfn. Fæstar þessara kvenna voru í fararbroddi, yfirleitt voru þær undir „verndarvæng" einhvers þekkts myndlistarmanns af hinu kyninu. Þessi kvenfæð í listasögunni er ekki undarleg sé að því gáð, að konum var meinaður aðgangur að listaskólum allt til loka 19. aldar. Þær sem fengu aðgang voru fyrirsætur sem karlmenn máttu teikna og mála. Konur máttu undir engum kringumstæðum teikna eða mála nakta karlmenn og helst ekki naktar kynsystur sínar.

Rússar voru fyrstir til að hleypa kvenfólki inn í sínar keisaralegu akademíur. En þrátt fyrir að sú þjóð ætti seinna þær eru partur af stórum hópi kvenna sem voru áhrifavaldur í listum. Þær stóðu ekki í skugga neinna „karlkynsmeistara", heldur leiddu þær íslenska myndlist á ólíku sviði og ólíkum tíma. Kannski má þakka þennan fjölda listkvenna því fordómaleysi sem lítil eða engin hefð skapar. Þessar konur þurftu aldrei að bera kross aldagamallar útskúfunar og stóðu því jafnfætis karlpeningnum að mótun íslenskrar myndlistar.

Kristín Jónsdóttir er einmitt af fyrstu kynslóð íslenskra málara og stundar nám í Kaupmannahöfn um sama leyti og Jóhannes S. Kjarval og Júlíana Sveinsdóttir. Ásamt Júllönu er hún því brautryðjandi fyrir listakonur yngri kynslóða. Sýningin að Kjarvalsstöðum opinberar um 140 myndir eftir hana og er það frábært yfirlit á verkum Kristínar.

Hér er á ferðinni mikilhæfur og persónulegur málari. Öll



Myndlist

eftir Halldór Björn Runólfsson

eftir að taka upp kerfi sem tryggja skyldi konum fullan rétt, virðast sovéskar listakonur síst fleiri en starfssystur þeirra annars staðar. Um aldamótin fengu konur svo loksins að teikna módel (í flestum löndum), en án slíkrar þjálfunar var ekki um neina myndlistarsköpun að ræða í þá daga.

Opnun sýningar á verkum Kristínar Jónsdóttur og Gerðar Helgadóttur á Kjarvalsstöðum 1. júní (í tilefni listahátíðar), vekur upp þanka um ofangreinda sérstöðu íslenskrar listasögu. Þessar tvær listakonur eru engin sértilfelli. vinnubrögð Kristínar virðast hafa einkennst af einlægri og þróttmikilli túlkun, hvort heldur er litið á landslagsmyndir hennar, mannamyndir eða uppstillingar. Verk hennar bera vott um djúpan skilning á eðli túlkunar. Það sem augað sér og hjartað skilur, víxlverkun formrænna og tilfinningalegra þátta virðast ná fullkomnu jafnvægi í myndum hennar. Tjáningarrík litameðferð ber formskynið aldrei ofurliði.

Það er því miður orðið sjaldgæft að sjá landslagstúlkun sem er jafn sterk og sannfærandi og túlkun Kristínar er. Tengslin við náttúruna og myndefnið eru hvarvetna augljós. Það er upplifun manneskju sem fædd er í sjálfu myndefninu og túlkar það af innri þörf og sannfæringu. Myndir Kristínar eru ekki málaðar í belg og biðu til að hala inn hámarksgróða eins og nú er tíska margra landslagsmálara.

Yfirlitssýningin á verkum Gerðar Helgadóttur er ekki síður kærkomin. Hún markar tímamót, þar sem hún er fyrsta yfirlitssýning á verkum þessarar afkastamiklu listakonu. Gerður er af kynslóð þeirra listamanna sem héldu utan, skömmu eftir seinni heimsstyrjöldina.

Verk Gerðar eru flest öll unnin erlendis, enda dvaldi hún mestan hluta ævi sinnar í Frakklandi. Gerður helgaði sig höggmyndalistinni og á seinni hluta ævinnar fékkst hún við glermyndagerð. Hún hefur greinilega verið mjög bráðþroska í köllun sinni. Höggmyndir sem gerðar eru á fyrsta námsári hennar í Handíða- og myndlistaskólanum bera vitni miklum hæfileikum.

Á sýningunni að Kjarvalsstöðum má rekja þróun Gerðar gegnum hin gríðarlegu afköst og með hjálp litskyggnuskerms er reynt að bregða upp heillegri mynd af þeim verkum sem eftir hana liggja erlendis.

Fjölhæfni Gerðar er ótrúleg. Sama er hvort um er að ræða höggmynd, steindan glugga eða mósaíkverk, allt virðist gert af sömu leikni og vandvirkni. Afrakstur ævistarfs þessarar listakonu sem féll frá svo sorglega snemma, er jafnmerkur hvar sem á hann er litið. Það virðist aldrei hafa háð Gerði að hún vann jöfnum höndum að samkeppnisverkum og pöntunum, meðan hún skóp sér nafn sem persónulegur myndhöggvari. Þannig ber skreytilistin hvergi ofurliði aðra þætti listsköpunar hennar.

Hvert verk Gerðar er rökrétt framhald fyrri verka. Hún fellur aldrei fyrir hrárri endurtekningu þrátt fyrir hið gífurlega magn verkefna sem henni voru falin. Hver úrlausn er sérstæð, liður í markvissri glímu við efnið, leit að fullkomnun.

Það að gera þessum stórbrotnu listamönnum tæmandi skil í svo stuttu spjalli, er vonlaust. Ég vil aðeins þakka Kjarvalsstöðum þetta merka framlag fyrir hönd listunnara sem nú fá tækifæri til að kynnast ferli þessara tveggja kvenna.

Sýningin er vel upp sett í hvívetna. Það er mikil bót að sjá málverkin fest á hvít spjöld þar sem næg birta leikur um þau. Eins er það tímabær ráðstöfun að fylgja úr hlaði yfirlitssýningu, með birtingu litskyggna af verkum, sem ekki verða flutt á sýninguna. Yfirlitssýning er ætíð betri eftir því sem hún er meira tæmandi. Hér hafa Kjarvalsstaðir veitt upplýsingar af örlæti og mætti slíkt verða til eftirbreytni í framtíðinni.

Þessi sýning að Kjarvalsstöðum er verðugt framlag til listahátíðar 1980, sannkölluð listahátíð fyrir þá sem unna góðri myndlist.

NÓTUR AÐ NEÐAN

Á undanförnu ári og reyndar lengur hefur verið mikil gróska í rokktónlist, einkum í Bretlandi og Bandaríkjunum, sem skapað hefur af sér fjölda nýrra hljómsveita og nýja rokkmenningu. Flestar þessara nýju hljómsveita eru hér á landi nánast óþekktar og á vafalaust sinn þátt í því hátt verð á hljómplötum og takmörkuð upplýsingamiðlun í fjölmiðlum. Þykir okkur rétt að nota þessar fáu línur, sem við höfum til umráða, að minnast m.a. á nokkrar þeirra lítt þekktu hljómsveita, sem nýlega hafa sent frá sér plötur. Hugmyndin er að skrifa reglulega undir ofangreindu nafni pistil, þar sem kynntar verða í stuttu máli nýjar athyglisverðar hljómplötur, því ógerlegt er með nokkurri



Popp

eftir Ásmund Jónsson og Guðna Rúnar Agnarsson

nákvæmni að fjalla um allar þær ágætu hljómplötur, sem nú koma út.

Í tengslum við uppkomu hinna nýju rokkhljómsveita hafa komið fram fjöldinn allur af litlum hljómplötufyrirtækjum, sem gefið hafa út flestar plötur þessara hljómsveita. Engu að síður hefur frá árinu 1977 allt stefnt í þá átt að gömlu og rótgrónu hljómplötufyrirtækin gleypi hin smærri og þeirra listamenn. Þó hafa nokkur hinna nýrri útgáfufyrirtækja fest sig í sessi og starfa enn sem komið er á sjálfstæðum grundvelli. Helst og sjálfsagt merkast þeirra er Rough Trade, sem aftur hefur fylgt fordæmi hinna stærri og sér nú um dreifingu fyrir hljómplötufyrirtæki þeim smærri, sem áður *störfuðu sjálfstætt. Hin gömlu og* virtu hljómplötufyrirtæki hafa sjálf að nafninu til sett á fót ný fyrirtæki, sem ætlað er að gefa út plötur með nýjum rokkhljómsveitum. Má í þessu sambandi t.d. nefna undirmerki EMI, Cobra, og fyrirtækið Fiction Records, sem stjórnað er af Polydor.

Fiction Records hafa á því rúma ári, sem það hefur starfað gefið út nokkrar merkilegar plötur. Nú nýlega gaf það út aðra plötu hljómsveitarinnar **The Cure**, sem nefnist **Seventeen Seconds**. Þessi plata The Cure fékk fremur neikvæð umskrif í nokkrum breskum músíkblöðum í það minnsta samanborið við fyrri plötu hljómsveitarinnar, sem almennt var mjög rómuð. Hvað sem því veldur þá erum við þessum gagnrýnendum hjartanlega ósammála. Mikil þróun hefur átt sér stað í tónlist Cure og hefur koma hljómborðsleikara gefið tónlistinni fágaðra yfirbragð.

Fyrri plötuna einkenndi skemmtileg og heillandi frumstæðni í hljóðfæraleik og útsetningum og var engu líkara en þeir hafi gengið einn góðan veðurdag inn í stúdíó og spilað plötuna beint inn. Greinilegt er að mun meiri vinna og hugsun liggur að baki Seventeen Seconds og skilar það sér fyllilega í gæðum plötunnar. Erfitt er að skilgreina tónlist Cure en til að gefa einhverja en engu að síður óljósa vísbendingu þá má finna margt sammerkt með þeim og t.d. hljómsveitinni Talking Heads og er það fyrst og fremst í gegnum þau áhrif sem Brian Eno hefur haft á heildarmynd tónlistar Talking Heads. Þó er tónlist Cure mun fágaðri og í henni er fólgin svífandi stemmning einfaldleikans með þeirra séreinkennandi hljómfalli. Í fáum orðum sagt er Seventeen Seconds ein



Hinir upprunalegu Cure

heilsteyptasta og besta plata, sem undirritaðir hafa lengi heyrt. Skömmu fyrir útkomu plötu Cure, Seventeen Seconds, gaf sama fyrirtæki, Fiction Records, út fyrstu plötu hljómsveitarinnar **The Passions**, **Micheael & Miranda**, Hljómsveitin er skipuð tveim konum og jafnmörgum karlmönnum og sjá konurnar af mikilli prýði auk annars um bassaleik og mest allan söng. Tónlist The Passions minnir óneitanlega á Cure og þá öllu heldur á fyrri plötu þeirra. Það er einkum einfaldur hljóðfæraleikur og svipað hljómfall sem gerir samanburðinn eðlilegan. Líkt og hjá Cure er bassaleikurinn mjög framarlega og áberandi og auk þess að stýra hinu sérstæða hljómfalli þá fléttar hann sína eigin en þó tengdu laglínu inn í heildarmynd lagsins. Ekki er hægt að segja annað en að þessi óþekkta hljómsveit, The Passions, hafi komið á óvart með sinni fyrstu plötu.

Þótt hljómplötufyrirtækið Virgin Records sé tiltölulega ungt að árum hefur það nú þegar öðlast sinn sess á meðal hinna gamalgrónu fyrirtækja hljómplötuiðnaðarins. Engu að síður nýtur það sérstöðu meðal þeirra, þar sem fyrirtækið fylgir enn þeirri hugsjón sem grunnur þess byggðist á og er mjög vakandi fyrir öllum nýjum bylgjum og fyrirbærum í rokkheiminum. Virgin hefur því átt stóran hlut í útgáfu á tónlist hinna nýju bresku rokkhljómsveita. Ein þeirra hljómsveita er XTC, sem vissulega verður að teljast til merkilegustu hljómsveita sem nú starfa í Bretlandi. Fyrir um hálfu ári síðan kom út þriðja plata XTC, **Drums and Wires**. Er það einkennandi fyrir XTC sem margar aðrar hinna nýju rokkhljómsveita hversu ör þróun er frá einni plötu til annarrar og er Drums and Wires engin undantekning þar á. Á þeim þremur árum sem hljómsveitin hefur starfað hafa þeir náð að skapa mjög heillandi og persónulegan stíl, sem á sér að einhverju leyti samsvörun í fortíðinni og þá í hinni þýsku bylgju sem gekk yfir í upphafi síðasta áratugs, með hljómsveitina Can sem leiðandi afl.

Á síðasta ári gaf Virgin út fyrstu plötu hljómsveitarinnar ***Cowboys International***, og sem er þeirra eina til þessa og nefnist **The Original Sin**. Af fyrstu plötu að vera er platan ótrúlega vönduð og markviss og tvímælalaust í hópi athyglisverðustu platna síðasta árs. Má sérstaklega geta lagsins Wish, þar sem hljómsveitin er aðstoðuð af gítarleikara PIL, Keith Levene, sem er ógleymanlegt.

Líkt og víða má kenna í tónlist Cowboys International er David Bowie sterkur áhrifavaldur í tónlistarsköpun margra breskra rokkhljómsveita í dag. Þannig er einnig farið með hljómsveitina **The Psychedelic Furs**, sem nýlega hefur sent frá sér sína fyrstu plötu, sem einfaldlega ber heiti hljómsveitarinnar. Mikið hefur verið skrifað um hljómsveitina á undanförnum mánuðum og greinilegt er að miklar vonir eru bundnar við þá og réttlætir platan það fyllilega.

Endurútgáfur

Auk hinnar miklu grósku í útgáfu á tónlist nýrra hljómsveita hafa ýmis hljómplötufyrirtæki loks látið verða af því að endurútgefa margar klassískar plötur rokksins, sem uppseldar hafa verið um langt árabil.

Má nefna í því sambandi endurútgáfu Pye á **Kinks**-plötunum, **Kinda Kinks** (1965), **Kinks Kontroversy** (1966) og **Face To Face** (1967). Útgáfa, sem vissulega á fullan rétt á sér í dag og hefur verið vel staðið að, þar sem engu er breytt frá upprunalegri útgáfu platnanna. Sama er að segja um endurútgáfu ESP á tveim fyrstu plötum bandarísku hljómsveitarinnar **Pearls Before Swine**, **One Nation Underground** (1967) og **Balaklava** (1968).

Þótt þýzk endurútgáfa á tveim plötum bandarísku hippahljómsveitarinnar **Mad River**, **Mad River** (1968) og **Paradise Bar And Grill** (1969), sé kærkomin er engu að síður leiðinlegt að verða vitni að því hvernig Þjóðverjinn sendir frá sér þessar merku plötur. Albúmin eru gerbreytt og felld inn í einhverja endurútgáfuseríu með tilheyrandi slagorðum *yfir albúmin þver.*

Frekari upptalning verður að bíða síns tíma, þar sem plássið er takmarkað.